



Innra mats skýrsla

Grunnskóli Fjallabyggðar
Júní 2022

Inngangur	3
Innra mat	4
Niðurstöður innra mats	5
Stjórnun og fagleg forysta	6
Mat á starfsáætlun skólans	6
Skólapúlsinn úrvinnsla	7
SVÓT greining	7
Nám og kennsla	10
Niðurstaða	11
Aðgerðir til umbóta	12
Heildarniðurstaða innra mats - Skóla Prófillinn	13
Umbótaáætlun skóla ársins 2022-2023	14

Inngangur

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á skólaárinu 2021 til 2022

Í skýrslunni er fjallað um helstu matsþættina sem teknir voru fyrir á skólaárinu. Viðmiðin byggja á viðmiðum Menntamálastofnunar - Gæðastarf í grunnskólum en hafa verið aðlöguð að starfi Grunnskóla Fjallabyggðar. Það er metnaðarmál skólans að miða skólastarfið við ítrustu kröfur enda er það markmið skólans að skara fram úr og geta sýnt fram á með fjölbreyttum gögnum í hverju gæðastarf í Grunnskóla Fjallabyggðar felst.

Í ár var áherslan lögð á “Nám og kennsla” og skýrslan er byggð á þeim þætti en aðrir þættir, “Innra mat og Stjórnun og fagleg forysta “ verða einnig uppfærðir í takt við það sem hefur þegar verið gert við úrvinnslu umbótaáætlunar liðins skólaárs

- Nám og kennsla - var áhersla skólaársins 2021-2022
- Innra mat
- Stjórnun og fagleg forysta

Innra mat og stjórnun og fagleg forysta eru þættir sem eru og verða uppfærðir í takt við það sem hefur tekið breytingum þetta skólaárið.

Skýrslunni lýkur síðan með umbótaáætlun en þangað fara öll þau verkefni er stuðla að umbótum og færa skólastarfið nær þeim markmiðum sem tilgreind eru í viðmiðum um gæðastarf. Viðmiðin eru hlekkjuð inn í hvern kafla hér fyrir neðan.

Gæðaráð er skipað til tveggja ára. Í haust var nýtt gæðaráð skipað til tveggja ára og mun starfa út frá starfsáætlun gæðaráðs. Nöfn þeirra sem sitja í gæðaráði og starfsáætlun þess er birt í starfsáætlun skólans að hausti.

Gæðaráð starfar eftir langtímaáætlun um innra mat sem var endurskoðuð nú í vor 2021. Sjá [Langtímaáætlun](#)

Erla Gunnlaugsdóttir skólastjóri

Innra mat

Gæðaráð Grunnskóla Fjallabyggðar var skipað fjórum aðilum: Skólastjóra, deildarstjórum beggja skóla kjarna, einum kennara og fulltrúa starfsmanna Gæðaráðið fundaði 5 sinnum á skólaárinu.

Eitt fyrsta og mikilvægasta verk gæðaráðsins var að uppfæra og vinna langtímaáætlun um innra mat skólans. Innra mats áætlunin nær yfir alla þætti gæða starfsins og tryggir í leiðinni að enginn þáttur verði útundan. Langtímaáætlunin mótar hvaða viðfangfsefni gæðaráðsins er forgangsraða hvert ár fyrir sig. Þetta skólaárið er áherslan á þáttinn “Nám og kennslu” en aðrir þættir eru einnig hafðir með í skýrslunni. Forgangsröðun er mikilvæg til þess að hægt sé að rýna í einstaka þætti og hafa ekki allt skólastarfið undir á hverju ári.

Gæðaráð setti upp starfsáætlun gæðaráðs og skipulagði starf gæðaráðs á skólaárinu. Það vann samkvæmt langtímaáætlun sem gerð var á fyrra skólaári en þó með nokkrum áherslubreytingum, þar sem nýr ráðgjafi kom inn í starfið með okkur og uppfærði gæðagreina svo skólastofnunin gæti verið í takt við innra mats starf leikskólans í Fjallabyggð. Vinnan í vetur fólst í að skoða “Innra mats gæðaviðmið”, viðmið um “ nám og kennslu” og einnig að vinna í umbótum samkvæmt umbótaáætlun síðasta skólaárs. Eins rýndi gæðaráð í niðurstöður skólapúlsins og niðurstöður eineltiskönnunar. Ekki náðum við að skipuleggja hið eiginlega stjórnenda og jafningja innlit eins og áætlað var en setjum það á langtímaáætlun og tökum það fyrir næsta skólaár. Covid hamlanir röskuðu eilífið starfi skólans á skólaárinu en þó aðeins minniháttar því aldrei þurfti að loka skóla, né þrengja skorður mikið eins og á fyrra ári faraldursins.

[Starfsáætlun gæðaráðs](#)

Mat á innra mati

Innra matið skiptist í þrjú hluta, skipulag, framkvæmd og umbætur.

Þegar gæðaráðið mátaði heildarframmistöðu innra matsins [útfrá viðmiðum skólans](#) kemur í ljós að skipulag og umbætur einkennast af góðu verklagi, og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Er varðar framkvæmd innra mats eru þættir fremur sterkir sem er mjög gott verklag og Gott verklag, sjá litakóða [hér](#).

Helstu umbætur næsta árs - ítarleg lýsing á umbótum er að finna í umbótaáætlun neðst í skjalinu. Við næstu yfirferð á innra mati verður notast við nýja útgáfu í formi gátlista gæðaviðmiða sem [má kynna sér hér](#).

Umbætur skólaársins 2021--2022 hafa fengið lit til staðfestingar hversu vel var unnið að þeim. **Dökkgrænt**, **Ljósgrænt**, **gult**, **rautt** eftir því hver staðan var í lok árs.

- Að stofna teymi um innra mat og starfa eftir skipulagðri starfsáætlun
- Kynna heildarniðurstöður innra mats frá liðnu skólaári á opnum skólaráðsfundi. Kynna skýrslu síðasta árs og umbætur komandi skólaárs.
- Halda starfsmannafundi - kalla til rýnihópa nemenda og kennara þegar unnið er úr niðurstöðum innra/ytra mats.
- Halda nemendaping og fá nemendur betur að borðinu við innra mat og aðkomu að þátttöku í skólastarfi.
- Koma á jafningjamati og innliti stjórnenda er varðar gæði náms og kennslu

Niðurstöður innra mats

Eftir skólaárið 2021-2022 eru þær að ekkert nemendaping var haldið þetta skólaárið en Nemendur fundaði reglulega, skólastjóri fékk fundargerðir og hitti svo nemendaráð á fundi undir skólalok þar sem farið var yfir nokkra þætti sem ráðið vildi leggja áherslu á fyrir næsta skólaár. Ekki varð úr jafningja innliti né stjórnenda innliti en kennsluráðgjafi frá ráðgjafabjónustunni Ásgarði kom í nokkur skipti og fór í heimsókn á mið og unglíngastig og hitti fyrir kennara í spjall og ráðgjöf.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

- **RAUTI** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta

Viðmið grunnskóla Fjallabyggðar - [Stjórnun og fagleg forysta](#). Markmið skólans er að við innra mat standist skólinn þær kröfur sem settar eru fram í markmiðum og viðmiðum um gæðastarf í Grunnskóla Fjallabyggðar. Áætlað er að fara í ítarlega skoðun á stjórnunarþættinum á skólaárinu 2022 til 2023 samkvæmt langtímaáætlun um innra mat. Þá verður skólaprófið Grunnskóla Fjallabyggðar litaður. Við þá yfirferð verður notast við nýja útgáfu gæðaviðmiða í formi gátlista sem [má kynna sér hér](#).

Í ár voru mikilvægir þættir metnir. Skólastjóri tók starfspróunarviðtöl við kennara og starfsfólk skólans. Mat á starfsáætlun skólans var gert nú í vor til að meta hvort að mikilvægir þættir hafi gengið eftir (áður kallað ársskýrsla).

Mat á starfsáætlun skólans

Starfsáætlun skólans er gerð að hausti og birt á heimasíðu skólans [sjá](#): Sem liður í innra mati var litið um öxl og metið hvort að starfsáætlunin hafi þjónað hlutverki sínu. Gekk starfsáætlunin eftir og hvað má bæta voru lykil spurningarnar.

Helstu atriði sem bæta má eftir mat á starfsáætlun er:

Helstu atriði sem bæta má eftir yfirferð starfsáætlunar 2021-2022 eru:

- Efla Læsi sem endranær og skoða þátt miðstigs og unglingsstigs og rýna í stöðu samkvæmt niðurstöðum, greina vanda og gera ráðstafanir.
 - Á þessu skólaári höfum við lagt töluvert í læsi, lestur og Læsissteymi vakið og sofið um nám og velferð nemenda. Óhætt er að segja að læsi, lestrar niðurstöður samkvæmt matsviðmiðum MMS séu jákvæðar eftir skólaárið en þá eru rúmlega 80% nemenda skólans yfir viðmiðum 1 - Læsissteymið fór í lestrarátök á skólaárinu sem skiluðu góðum árangri. Niðurstöður skólans út frá viðmiðum er að sex af tíu árgöngum eru yfir landsmeðaltali, þrjár á pari við landið og einn undir landsmeðaltali. Lestur er ævilöng iðja og því staðreynd að þessi þáttur verður vart dökkgrænn því hann er í endalausri yfirferð og greiningu. Læsissteymið mun vinna áfram að verkefnum til þess að gera þennan þátt öflugri þ.e. að ná öllum árgöngum að lágmarki í landsmeðaltal og styðja við þá sem eiga í einhverjum örðugleikum.
- Klára að uppfæra skólareglur í takt við Uppeldi til ábyrgðar
 - Þessi þáttur þarf áframhaldandi vinnu næsta skólaár.
- Efla þá þætti sem náðist ekki að vinna að fullu sökum covid ástandsins, t.d. skólaráð
 - Gera hlut nemenda í skólaráði og nemendaráði verulegri, skrá verklag.

- Kjósa öryggistrúnaðarmenn og öryggisvörð og senda þá á námskeið
- Setja saman teymi sem fer yfir skólareglur/öryggisreglur og ástundunarreglur og uppfærir þær með tilliti til Uppeldis stefnunnar
 - Yfirfara skólareglur, öryggis- og ástundunarreglur

Atriði sem voru á dagskrá eftir mat fyrra skólaárs hafa fengið uppfærslu að hluta en eins og litir segja til um, þá þarf sumt sífellt að vera í vinnslu og annað mál laga betur samanber ljós græna litinn.

Skólapúlsinn úrvinnsla

Skólapúls könnun þetta skólaárið, 2021-2022 var foreldrakönnun. Niðurstöður komu ágætlega út en nokkrir punktar þó undir “veikir þættir” sem stjórnendur og kennarar fóru yfir og greindu. [Sjá.](#)

- Nokkur óánægja kemur varðandi mötuneyti. Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála og skólastjóri hafa fundað reglulega með verkkaupa í vetur og munu gera áfram. Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á ýmsum hlutum til að mæta nemendum betur.
- Í niðurstöðum kemur einnig fram sem að einelti sé töluvert. Það er ekki samhljómur með þeim niðurstöðum og niðurstöðum Olweusar eineltiskönnunar en þar mælist skólinn marktækt undir landsmeðaltali og vann eineltisteymið vel í þeim málum sem bárust inn á þeirra borð sjá [Olweusarkönnun](#).
- Við greiningu á foreldrakönnun fór eineltisteymið og stjórnendur skólans yfir niðurstöður og sendu bréf heim á alla foreldra um mikilvægi þess að láta vita eða tilkynna inn mál ef þeir telja þau vera. Í bréfinu var farið yfir það skipulag sem skólinn hefur til að vinna eftir í eineltismálum og hvernig teymið afgreiðir þau. Einnig kemur í ljós í foreldrakönnun að þar er ánægja með vinnu eineltisteymis og ekki samhljómur með því að um aukið einelti sé að ræða. [Sjá bréf sem fór heim](#)
- Nemendakönnun í 1.-5.bekk kom mjög vel út og voru einungis sterkir þættir og jákvæðir, sem er mjög ánægjulegt. [Sjá](#)
- Nemendakönnun í 6.-10.bekk kom einnig mjög ánægjulega út, einungis jákvæðir þættir. [Sjá](#)

SVÓT greining

SVÓT greining var framkvæmd á skipulagsdegi 7. júní 2022 þar sem starfsfólk vann í 6 hópum og rýndi í eigið starf og skólans almennt.

Markmið þeirrar vinnu voru:

- a. Að skilgreina og draga fram upplýsingar um innri og ytri þætti sem hafa eða geta haft áhrif á okkur svo við skiljum þá betur og getum brugðist við þeim. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum og ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum.

- b. Að skilgreina og draga fram hvað það er sem við erum að gera í dag sem er mögulega óskynsamlegt fyrir okkur (hætta að gera) og hvað það er sem við erum ekki að gera í dag en ættum að vera að gera því það gæti gagnast okkur.
- c. Samandregin hrágögn má kynna sér [í þessu skjali hér](#).

Niðurstöður úr Svót greiningu eru góðar, margar jákvæðar en svo aðrar sem við getum og þurfum að bæta.

Það sem er gott er:

- Mannauður er góður og reynslumikill.
- Gott aðgengi og samstarf við MTR.
- Atvinnulíf og nærumhverfi er aðgengilegt, samanber starfskynningar og ýmsar valgreinar.
- Góð samstaða í erfiðum aðstæðum, samaber Covid tímabilið.
- Fjölbreytni í kennsluháttum, samþætting námsgreina, Þema .

Það sem kemur helst út sem veikir þáttur er:

- Skólahúsið í Norðurgötu er orðið mjög þröngt og aðbúnaður kannski ekki alveg það besta í slíkum þrengslum.
- Frístund og lengd viðvera er í skólahúsnæðinu og því nemendur allan daginn og lítið næði til vinnu fyrir starfsfólk/kennara eftir kennslu.

Þegar hægt verður að flytja 5.bekk yfir verður rýmra um starfsfólkið og þá einnig hægt að hugsa til framtíðar með húsnæðið og laga það sem þarf.

Helstu umbætur á næsta skólaári, sem þörf er að fara í, út frá Svót greiningu eru:

- Fólk vill sjá að nemendur við Tjarnarstíg geti fengið hafragraut fyrst á morgnana þegar þeir mæta í skólahús.
- Að einstaklingsnámskrár verði gerðar strax á haustdögum og nemendur sem þurfa einstaklingsnámskrár fái tengilið sem starfar með umsjónarkennara í utanumhaldi og samstarfi við foreldra.
- Skoða námsmat aftur, þá sérstaklega fyrir yngra stig, lokamat í formi bókstafa er ekki að virka. Endurskoða námsmatsstefnuna í heild.
- Læsteymið komi að öflugum starfi og eftirfylgni í læsi á mið og unglingastigi.
- Reyna að tengja 5.bekk við miðstigi þó svo að þeir séu áfram til húsa við Norðurgötu. Að efla upplýsingaflæðið á milli skólakjarna.
- Halda áfram tölvuvæðingu.
- Skipuleggja val á miðstigi og gera tilraun með það eftir áramót.
- Að skipuleggja óveðursdaga betur.

- Að huga að aðbúnaði starfsfólks og nemenda.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Helstu umbætur 2021-2022 voru

- Skólalastjóra, stjórnenda innlit tvisvar á ári inn í kennslustundir og rýna í kennslu og matslista. Viðmið um gæði í skólalastarfi.
- Koma á jafningjamati - heimsóknir í kennslu með matslistum.
- Stofna teymi sem fer yfir skóla og öryggisreglur og uppfærir viðbragðsáætlanir þegar þær eru virkjaðar og þarf að endurskoða.
- Setja á fót "Heilsu og hugarfarsteymi" sem kemur með hugmyndir að uppbroti á starfsmannahópnum a.m.k mánaðarlega á fundartíma.
 - Teymið stofna á skólaárinu og mun halda áfram sem teymi næsta skólaár. - Nýtt skólaár mun hefjast með námskeiði "hamingjusamur vinnustaður" þar sem fókusinn er á starfsmanninn.
- Ræða vinnustyttingu í starfsmannaviðtölum strax í upphafi skólaárs.
 - Var unnið á skólaárinu
- Útbúa greinargerð um húsakosti. Norðurgatan þarfnast mikils viðhalds.
 - Þegar komið í vinnslu og vinna hafin með það í huga að færa 5.bekk yfir í Tjarnarstíg og gera það skólahús klárt til að taka á móti mið- og unglingastigi. 5.bekkur þó ekki fluttur á skólaárinu 2022-2023, þarf að byggja við í Tjarnarstíg. Skólahúsið í Norðurgötu er þröngt og verður þar til 5.bekkur flytur og þá verður einnig þörf á að fara í vinnu við það og laga til og bæta aðstöðu.
- Endurskoða starfsþróunaráætlun og birta á heimasíðu
- Að gera drög að starfsáætlun fyrir skólaráð og hafa tilbúna fyrir fyrsta fund skólaráðsins í haust.
- NÝTT - stofna forvarnarteymi.
 - Forvarnarteymið var stofnað á skólaárinu.
- Vinna ítarlega fundaráætlun starfsmanna út frá umbótaáætlun

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Nám og kennsla

Viðmið Grunnskóla Fjallabyggðar - [Nám og kennsla](#). Í viðmiðum skólans um nám og kennslu má finna kennslufræðileg markmið og skilgreiningar sem starfsfólk skólans hefur sett sér að vinna eftir.

Kennarar hafa unnið að því að þróa samþættingu námsgreina út frá námsvísi skólans og GGÓ matslistum um lýðræðislegt og einstaklingsmiðað skólastarf. Kennarar hafa metið sig með sjálfsmati gagnvart matslistum GGÓ og gæðaráð hefur unnið úr þeirri vinnu og litað og metið viðmið og markmið skólans í samræmi við það mat.

- Kennarar vilja sýna fyrirmyndar starfshætti í verki og fagna aðhaldi
- Markmiðin eru orðin skýr en tekur tíma að breyta og aðlagast.
- Markmiðið er að á næstu tveimur árum verði allir þættir sterkir eða mjög sterkir (ljósgrænir/dökkgrænir og samræmist lýsingu á gæðastarfi.

Niðurstaða

Í vetur fóru kennarar saman í gegnum gátlista gæðaviðmiða um nám og kennslu (innra mat á eigin störfum og fyrirkomulagi) þar sem þeir rýndu í alla þættina og [hér í þessu skjali](#) má sjá samandregna niðurstöðu þ.e. vinnugögn. Niðurstaðan sést myndrænt þegar viðmiðin eru skoðuð. Af þeim sex þáttum sem eru undir varð niðurstaðan eftirfarandi.

Allir þættir undir Nám og kennsla eru ljósgrænir, sem þýðir að það eru meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Við þurfum að skerpa á mörgum hlutum til þess að fá dökkgrænt. Innan þáttarins ábyrgð og þátttaka er kallað mikið eftir aðkomu nemenda að námi sínu og tækifærum þeirra til þess að hafa áhrif. Það mun því þurfa að skoða og greina þann þátt betur og fer hann því í umbótaáætlun. Aðrir þættir falla undir að hafa meiri styrkleika en veikleika og verður unnið í þeim þáttum samkvæmt umbótaáætlun.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Umbætur fyrra skólaárs, komnar í vinnslu og umbætur næsta árs 2022-2023

- **Koma upp kerfisbundnu mati á gæðum náms og kennslu**
 - Innra mat og þátturinn “Nám og kennsla” voru undir þetta skólaárið. Nýr ráðgjafi uppfærði gögnin í takt við þá vinnu sem Leikskólinn hóf á skólaárinu og mun gera með aðra þætti eins og “Stjórnun og fagleg forysta” og “Innra mat” fyrir komandi skólaár.
- **Vinna áfram með námsvísa uppfæra að hausti komandi fyrir nýtt skólaár 2022-2023**
 - ☰ Námsvísir grunnskóla Fjallabyggðar 2021-2022 (í vinnslu)
- **Vinna úr niðurstöðum kannana og innra mats**
 - Sjá má úrvinnslu hér í þessu skjali undir þættinum “Stjórnun og fagleg forysta”
- Virkja nemendaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði betur til þátttöku sem rýnihópa í skólustarfi, ætla þeim að skila inn í nemendahópinn þeirri vinnu. Skrá verklag um hvernig ráðin vinna, hlut nemenda.
- Auka aðkomu nemenda og foreldra að námsmati, námsáætlanagerð eða markmiðssetningu og að námi nemenda almennt.

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Aðgerðir til umbóta

Kennarar völdu sér áherslur næsta vetrar á fundi með ráðgjafa Ásgarðs í júní 2023. Niðurstöður þeirra voru að leggja áherslur á þau atriði sem sjá má hér að neðan en einnig eru þær komnar í meðfylgjandi umbótaáætlun skólaársins 2022-2023 á bls. 14.

Sambættar greinar: Unglingastig skólans hefur verið að vinna með nemendum í sambættum verkefnum í vetur sem búin voru til af ráðgjöfum Ásgarðs, eru aðgengileg á Námsgagnatorgi Ásgarðs og hafa óskað eftir því að fá að halda því áfram. Yngra stig hefur unnið mikið í sambættingu í gegn um þemu og samstarf kennara verið mikið. Sambættning faggreina og samvinna milli árganga og stiga verður á dagskrá næsta vetur með stuðningi ráðgjafa Ásgarðs.

Læsi: Kennarar óskuðu eftir betri eftirfylgni með læsis niðurstöðum nemenda og hvernig brugðist væri við þeim. Þetta er áhyggju efni víða í þeim skólum sem Ásgarður sinnir og verður ráðgjöf byggð á fyrirmyndum sem skila góðum árangri. Öflugt Læsissteymi skólans hefur stutt við nemendur og kennara og starfið á yngra stigi 1.-5. bekkur kemur sérstaklega vel í ljós hve áherslan á lestur skilar sér vel en þar eru 9% nemenda yngra stigs undir viðmiði 1 og munu þeir því fara strax að hausti komandi í lestrarhópa og efri fylgni við þá markviss og þér. Við þurfum að efla læsisþáttinn á mið og unglingsstigi og vera duglega að skapa aðstæður til þess að vekja lestraráhuga nemenda þar á þeim stigum. Ljóst er að við getum bætt okkur verulega með áframhaldandi vinnu, örvun og eftirfylgni við þá nemendur sem þurfa hvað mestu aðstoðina. Lestrarátök skila góðum framförum.

Námsfélagar: Námsfélagar eru hluti af hugmyndafræði Leiðsagnarnáms og mun ráðgjöf Ásgarðs snúast um að byggja upp gott kerfi sem útskýrir vel þau hlutverk sem námsfélagar hafa. Þetta snýst ekki bara um að nemendur vinni saman, heldur að samvinnan sé skv. ákveðnum kröfum sem skilar framförum hjá öllum nemendum. .

Valgreinar: Strax eftir fundinn fékk skólastjóri sendar tillögur um hvernig hægt væri að bjóða upp á valgreinar á miðstigi og þá vísað til verkefna sem hafa verið í gangi í öðrum skólum, héraendis sem erlendis. Þar sem kennsluráðgjafi er með góða reynslu hvað varðar svona verkefni, þá er hann til í að leiða þær umbætur á námi nemenda.

Einstaklingsbundin námsmarkmið: Markmiðið er að nemendur læri að setja sér eigin námsmarkmið, meta sig sjálfir og byggja þá vinnu á hugmyndafræði um "Visible learners". Vinnan mun skila mun sjálfbærari námsmönnum og getur ráðgjafi verið stjórnendum og kennurum innan handar við skipulagið til að vel takist til.

Teymiskennsla: Það er ekki sameiginlegur skilningur á hvað felst í teymiskennslu innan skólans og verður fyrsta verk að finna sameiginlega skýringu á því hugtaki og síðan innleiða hana í alla kennslu. [Rannsóknir](#) sýna að góð teymiskennsla er það sem skilar hvað mestum árangri þegar kemur að framförum nemenda.

Grenndarkennsla: Kennarar vilja nýta umhverfi skólann betur og samfélagið í Fjallabyggð. Það er m.a. hægt að gera í gegnum sambætt verkefni og eru nú þegar til námslotur á Námsgagnatorgi Ásgarðs sem beina kennurum í þá átt.

Heildarniðurstaða innra mats - Skóla Prófíllinn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

RAUTT - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

GULT - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast umbóta

LJÓSGRÆNT - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

GRÆNT - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Heildarniðurstaðan er að 5 að 16 þáttum eru sterkir, eða dökk grænir, sem segir til um mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Aðrir þættir, þ.e. 11 þættir litast ljósgrænir sem segir að þeir sýna meiri styrkleika en veikleika. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Við lok skólaársins 2023 er stefnt á að 90% allra matsþáttanna verði flestir eða allir sterkir.

Umbótaáætlun skóla ársins 2022-2023

Umbótaáætlun skólaársins 2021-2022 er að sumu leyti komin af stað en þarfnast áframhaldandi vinnslu. Það sem er litað er komið af stað, ljósgrænt og gult, en þarfnast áframhaldandi úrvinnslu.

Stjórnun og fagleg forysta							
Samvirkni í stefnumótun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
1	Engar umbætur á dagskrá						
Faglegt samstarf og samræða	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
2	Stjórnendur meta gæði kennslu	Útbúa áætlun um mat á kennslu fyrir stjórnendur	Skólastjóri	Ágúst	Ágúst	Áætlun um innlit verði í starfsáætlun haustsins	Að áætlun um mat á kennslu birtist í starfsáætlun skólans

3	Meta gæði kennslu	Að stjórnendur meta kennslu reglubundið	Gæðaráð	Ágúst	Júní	Gæðaráð metur áætlun um innlit og hvort hún hafi gengið eftir	Áætlun um innlit hefur gengið eftir og verið til bóta.
4	Koma á jafningjamati	Finna leiðir til að koma á jafningjamati kennara um kennslu eða afmarkaða þætti þess	Gæðaráð	Ágúst	Ágúst	Áætlun um jafningjamat verði framvegis partur af starfsáætlun.	Að áætlun um jafningjamat birtist í starfsáætlun skólans
5	Jafningjamat í kennslu	Að koma á jafningjamati sem virkar	Gæðaráð og kennarar	Ágúst	Júní	Gæðaráð metur áætlun um jafningjamat og hvort það hafi gengið eftir	Áætlun um jafningjamat hefur gengið eftir og verið til bóta.
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Tækifæri til umbóta	Aðferðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
6	Opinn fundur	Halda opinn fund með skólasamfélaginu og skólaráði til að kynna skýrslu Innra mats.	Skólastjóri	september		Innra mat: skýrsla kynnt	Að þessi þáttur sé uppfylltur og metinn út frá viðmiðum gæðaráðs um opinn fund og skilvirkni til samfélagsins

Umbætur og innleiðing breytinga.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
	Engar umbætur á dagskrá						
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
7	Bæta öryggi og verklagsreglur og viðbragðsáætlanir Stofna teymi sem fer yfir skóla og öryggisreglur og uppfæri viðbragðsáætlanir	Stofna teymi sem ber ábyrgð á að reglur séu endurnýjaðar og endurskoðaðar ef þær eru virkjaðar.	Skólastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Lýsingu á starfsemi teymis hefur verið útbúin og teymið hefur starfað eftir þeirri lýsingu á skólaárinu.	Teymið er virkt, starfar samkvæmt starfsáætlun og metur starfsáætlun teymisins að vori. Starfsáætlun teymisins er í starfsáætlun skólans og birt að hausti.
8	Bæta starfsandann og tryggja að allir séu með	Setja á fót "Heilsu og hugarf arsteymi"	Skólastjóri	Haust 2021	Vor 2022	Lýsingu á starfsemi teymis hefur verið útbúin og teymið hefur starfað eftir þeirri lýsingu á skólaárinu.	Teymið er virkt, starfar samkvæmt starfsáætlun og metur starfsáætlun teymisins að vori. Starfsáætlun teymisins er í starfsáætlun skólans og birt að hausti.

9	Bæta húsakost skólans í Norðurgötu á Siglufirði	Vinna greinargerð um húsakosti og færa rök fyrir þörf fyrir viðhald og koma á fræðsluyfirvöld.	Skólastjóri	Vor 2021		Athuga hvort búið er að senda bréfið/samantektina	Þegar búið er að vinna greinargerðina og senda á fræðslunefnd.
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
10	Upplýsa starfsfólk um eðli og framkvæmd vinnustyttingar í skólanum.	Ræða vinnustyttingu starfsmannaviðtölu m strax í upphafi skólaárs.	Skólastjóri	Ágúst	Septemb er	Í næstu starfsmannakönnun Skólapúlsins ætti almenn ánægja er varða stjórnun að batna. Spyrja á starfsmannafundi og skrá í fundargerð.	Að á minnisblaði skólastjóra sé þessi þáttur sérstaklega nefndur og skráð niður hvað rætt var í starfsmannaviðtalinu.
11	Uppfæra jafnréttisáætlun á næsta skólaári	Uppfæra jafnréttisáætlun	Skólastjórnendur	Janúar	maí	Borið undir rýnihóp kennara	Uppfær og samþykkt á fundi með starfsfólki - skólaráði
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur

12	Skipa í hugar- og heilsufarsteymi	Teymi skipulagt sem hefur stjórn og umsjón á skipulagi mánaðarlegrar stundar með starfsmönnum	Skólastjóri og svo Heilsufars Teymi.	ágúst	september 2021	Metið að vori í könnun meðal starfsmanna	Að starfsmenn nýti stundir sem heilsufarsteymið leggur til.
13	Gera drög að starfsáætlun fyrir skólaráð	Hafa drög að starfsáætlun tilbúna fyrir fyrsta fund	skólastjóri	ágúst	maí	Metið að vori	

Stjórnun og fagleg forysta

Öryggisteymi var sett á laggirnar og öryggisskýrsla leit dagsins ljós. Tveir öryggisverðir og tveir öryggis trúnaðarverðir sitja í öryggisnefnd. Teymið þarf bara að slípa vinnu sína, funda og yfirfara öryggisskýrslu á haust komandi.

Hugar og heilsufars teymi varð til á haustdögum 2021 og starfaði skólaárið. Það mun halda áfram næsta skólaár og verður upphaf skólaársins sérlega tileinkað starfsfólki með nærandi námskeiði “Hamingjusamur vinnustaður”

Hvað varðar húsakosti/ þrengsl í Norðurgötu, hefur verið ákveðið að flytja einn árgang, 5.bekk, yfir í Tjarnarstíg en til þess að þarf að hefja viðbyggingu við skólahúsið þar en hugmyndin/grunnteikning komin á borðið.

Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-------------------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-------------------------	-------------------

1	Auka gagnsæi á framkvæmd aðalnámskrár í skólanum	Endurskoða námsvísi og hafa í birtingu	Skólastjóri og deildarstjóri	Júní 2021	September 2021	Kennarafundur er sammála um að námsvísir sé tilbúin til birtingar	Að námsvísirinn sé í birtingu á heimasíðu skólans á hverju ári. Eldri námsvísar séu aðgengilegir á heimasíðu líka.
2	Að gera lykilhæfni skil í kennsluáætlunum	Tengja lykihæfni inn í þemu og finna tengingu inn i námið	Skólstjóri, deildirstjóri	Skólaárið 2021-2022	Vor 222	Haft til hliðsjónar þegar þemustarfið er sett upp og hæfniviðmið sótt í Aðalnámskrá þá er lykihæfnin tekin með	Lykilhæfni gert skil á námsvísi
3	Jafningjamat þarf að koma á dagskrá	Kennari heimsækir kennara /skoðar kennslu	Skólastjóri Deildarstjóri	Skólaárið 2021-2022	Vor 2022	Matslisti	Að kennarar hafi stuðning hver af öðrum Að kennarar upplifi uppbyggjandi leiðsögn við að bæta kennsluhætti.
4	Valgreinar	Vel skipulagðar valgreinar í boði fyrir miðstigi sem uppfylla markmið ANG -	Skóla- stjóri og deildar- stjóri miðstigs	Janúar 2023	Júní 2023	Valgreinar fyrir miðstigi verða sýnilegar í skólanámskrá fyrir miðstigi	Að nemendum á miðstigi bjóðist valfög sem veitir þeim val um verkefni sem þó standast markmið ANG. Gerum tilraun með valgreinar á nýju ári 2023

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
5	Að meta nemendur stöðugt/símat yfir skólaárið og fylgjast með framförum	Að geta rætt um stöðu nemenda á fundum og hvort eðlilegar framfarir séu	Stjórnendur og kennarar			Að framfarir séu metnar stöðugt og skráðar á Mentor Námsmat byggi á markmiðum leiðsagnarnáms á öllum stigum og nemendur fái yfirsýn yfir stöðu sína í gegnum mat á völdum hæfniviðmiðum. Lokamat er gefið skv. matsviðmiðum menntayfirvalda í bókstöfum við lok 4. 7. og 10. bekkja.	Að nemendur sýni stöðugar framfarir og vöxt í námi og færni sem sjá má í mælingum og mati.
6	Að yfirfara námsmat þannig að það verði meira leiðsegjandi og samkv. Matsviðmiðum menntayfirvalda.	Taka upp umræðuna á haustönn og taka afstöðu til málsins	Stjórnendur	Að hausti	Verður lokið fyrir loka námsmat að vori 2023	Kennara yngra stigs vinna að breytingum/uppfærslu námsmats á yngra stigi með tilliti til markmiða ANG og sé lýsandi	Í skólanámskrá sé lýsing á námsmatsaðferðum skólans og hvernig hæfnimiðað nám er metið. Að námsmat sé lýsandi

						fyrir námsstöðu hvers og eins.	
Gæði kennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
7	Efla teymisvinnu á miðstigi - fjölbreyttir kennsluhættir	Skapa aðstöðu og tækifæri til samstarfs og að kennarar geti unnið þvert á árganga á miðstigi. Fá nýjan kennara með góða reynslu í teymisvinnu til þess að miðla þekkingu sinni inn í teymisstarfið.	skólastjóri	Haustið 2022	Metið að vori 2023	Innlit stjórnenda Metið að vori/gæðateymi	Að samþætting og þemavinna verði a.m.k. 60% af skólastarfi miðstigs.
8	Teymiskennsla	Að allir kennarar vinni í teyimum og hafi sameiginlegan skilning á hugtakinu teymiskennsla	Skóla- stjóri og deildar- stjórar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Metið með könnun til kennara um árangur innleiðingar á teymiskennslu og skilning á hvað í henni felst	Að allir kennarar hafi sama skilning á hugtakinu teymiskennsla og ástundi þannig vinnubrögð í daglegu starfi.

9	Að markmið kennslustundar séu sýnileg í upphafi verkefnis og kennslu	Kennarar hugsi út frá markmiðum kennslustundar og kynni nemendum þau	Skólastjóri Deildarstjóri og kennarar	Ágúst 2022		Í innliti stjórnenda, og í samstarfi og samtali á vinnufundum	Þegar markmið eru sýnileg nemendum í námsumhverfinu og í áætlunum
	Samþætting faggreina	Höldum áfram að vinna að samþættingu faggreina á öllum stigum og leggjum áherslu á að miðstigið nái samstarfi og samvinnu með samþættum verkefnum. Einnig samstarfi við stigið og vinni þvert á árganga.	Deildarstjórar stiga	Ágúst 2022	Júlí 2023	Samþætting faggreina er sýnileg í kennsluáætlunum fyrir veturinn á hverju stigi.	Að samþætting faggreina er sýnileg í öllum kennsluáætlunum fyrir veturinn 2022-2023
Skipulag náms	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10	Fara yfir skipulag óveðursdaga og skipuleggja skóladag frá kl. 8:30-13:35 alla daga. Unglingastig	Kennarar, skólastjórnendur skipuleggja starfið á óveðurs dögum, gera skipulag fyrir	Skólastjóri, deildarstjórar og kennarar	Haustið 2022	Vorið 2023	Stjórnendur og og kennara meðta að vori hvernig til hefur tekist.	Uppfærð áætlun að vori

	fái inni í nýrri félagsmiðstöð.	skóladag frá kl. 8:30-13:35 alla daga. Unglingastig fá inni í nýrri félagsmiðstöð.					
	Grenndarkennsla	Að umhverfi skólanna verði vel nýtt í útikennslu og að tengsl við samfélagið verði aukið	Skólastjóri og deildarstjórar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Mun sjást í kennsluáætlun-um fyrir veturinn og verður hluti af öllu starfi nemenda.	Að nemendur fá tækifæri til að nýta vel umhverfi í kringum skólanna í daglegu starfi og fá tækifæri til að kynna sér og kynnast því sem er í boði í samfélaginu.
Námsvitund	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
11	Læsi	Halda áfram öflugum starfi með Læsi. Fylgja vel eftir árangri nemenda í lestri og setja á lestrarátök	Skólastjóri og deildarstjórar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Fylgst er vel með árangri nemenda í lestri og brugðist við þar sem þarf með viðeigandi aðferðum.	Nemendur sem ná ekki lágmarks viðmiðum hækka og nemendur bæta sig eða viðhalda getu.
12	Námsfélagar	Kennarar setja upp markvisst verkefni með námsfélögum eins og tilgreint er í fræðum um leiðsagnarnám	Deildarstjórar og kennarar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Könnun gerð meðal nemanda vorið 2023	Að allir nemendur viti hvað námsfélagar eru og hvert þeirra hlutverk er í þannig samvinnu.

13	Einstaklings- bundin námsmarkmið	Að nemendur læri að setja sér eigin námsmarkmið og að námsmarkmið verkefna sé í takt við hæfni nemenda og hjálp þeim að sýna framfarir	Skóla- stjóri, deildar- stjórar og kennarar	Ágúst 2022	Júlí 2023	Með mati á verkefnum sem sýna að nemendum fer fram á eigin forsendum og með sjálfsmati nemenda sem m.a. fer fram með ígrundun um markmið verkefnanna	Að hægt sé að sýna fram á framfarir einstakra nemenda í gegnum skráningar kennara og eigið mat á árangri. Að hver og einn taki framförum á eigin forsendum.
Ábyrgð og þátttaka	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
14	Gera verklagsreglur varðandi aðkomu nemenda að málum skólans. Reglur um þátttöku nemenda í skólaráði og nemendaráði og til hvers sé ætlast af þeim	Leggja drög að vinnu á fyrstu fundum ráða og hvernig þeir skili af sér til stjórnenda, og samnemenda Nemendaráð hefur tekið fundargerðir en leggjga þarf drög að því að nemendur í skólaráði taki einnig fundargerðir og skili t.d. Inn til nemendaráðs og þaðan skili	Skólastjóra, deildarstjór a og formanni félagsmála innan skólans.	Haust 2022		Með gögnum og fundargerðum frá ráðunum.	Nemendur séu virkir þátttakendur í þróun skólastarfs og aðkomu að eigin námi og námsumhverfi.

		upplýsingar sér út í nemenda samfélagið.					
--	--	--	--	--	--	--	--

Nám og kennsla

Lögð verður áhersla á skírari aðkomu nemenda að málum innan skólans, þ.e. Nemendaráði og skólaráði. Covid hafi áhrif á þessi ráði í vetur, þó sérstaklega skólaráð þar sem að reynt var að vera ekki að bjóða gesti (foreldra sem sitja í ráðinu) inn í skólastofnunina.

Gefa óveðurs dögum tíma í skipulagningu á haustdögum.

Innra mat							
Skipulag	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
1	Að stofna öflugt teymi um Innra mat sem starfar hvert skólaár <i>Skólastjóri</i> <i>Fulltrúi stjórnenda</i>	Skipuleggja umbótastarfið /út frá niðurstöðum innra mats frá þessu skólaári 2020-2021	Innramats teymi	Er hafið núna í lok skólaársins 2021	Júní með þá þætti sem hægt er að laga á skólaárinu en sífeltt unnið að	Með gæðaviðmiðu m Innra mats.	Að skólastarf taka stöðugum framförum og sé sífeltt í endurskoðun.

	Fulltrúi kennara Fulltrúi starfsmanna Fulltrúi foreldra				umbótum áfram.		
2	Gera starfsáætlun fyrir skólaráð	Skipuleggja fundi og efni fundar fyrir skólaárið, a.m.k. Hálft ár í senn	Skólastjóri	ágúst			Metið á loka fundi skólaráðs að vori, hvernig til hefur tekist.
3	Að koma á stjórnenda innliti og jafningja innliti	Uppfyllir viðmið gæðaráðs og er hvetjandi og uppbyggilegt	Skólastjóri og matsteymi	Haust 2021		Með gátlista gæðaráðs	
Framkvæmd	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
4	Skipuleggja innra mats rýnihópa á starfsmannafundum		Stjórnendur og teymið	Að hausti með kynningu á skýrslu fyrra árs			
5	Halda nemendaping á hverju skólaári	Fá nemendur að borðinu, fá þeirra rödd og sýn á skólastarfið	Teymi og stjórnendur	Á hverju skólaári			Ánægðari nemendur

Umbætur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig Metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
6	Halda opinn skólaráðsfund og kynna niðurstöður Innra mats skýrslu frá síðasta skólaári	Kynna skólasamfélaginu niðurstöður innra mats	Skólastjóri				Skólastarf í sífelldri þróun samkv. Viðmiðum gæðastarfs
7	Setja skýrslu á heimasíðu skólans	Fyrir alla að fylgjast með	skólastjóri	Vor 2021			

Áherslu í Innra mati.

Teymið um Innra mat er þegar orðið að veruleika en slípa þarf starf teymisins og gera það að eðlilegum hluta skólastarfsins.

Að koma stjórnenda- og jafningja innliti á dagskrá

Að virkja nemendur betur í rýnihópa.

Að endurskoða námsmatið á yngri stigum.